

Nr. 127 / 15 Auður Vélsteins GK 88**Fékk á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2888
Smíðaður: Trefjar ehf. árg:2014
Stærð: 29,8 bt.
Mesta lengd: 14,83 m Skráð lengd: 14,73m
Breidd: 4,43 m Dýpt: 2,30 m
Vél: Doosan , 588 kw, árg: 2014
Fjöldi skipverja: 4



Auður Vélsteins©NN

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. desember 2015 var Auður Vélsteins GK 88 á siglingu 10 sml SA af Papey. Veður: NNA 12 m/sek, gott skyggni og miðlungs sjólag.

Tilkynning barst til Vaktstöðvar siglinga (VSS) símleiðis um að báturinn hefði fengið á sig brotsjó, brúargluggar brotnað inn og sjór komist í öll tæki í brú sem urðu óvirk. Skipverjum tókst að kveikja á plotter og ná stýri inn og gátu siglt til Djúpavogs í fylgd Öðlings SU 19.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar voru nýbúnir að draga línuna og lagðir af stað til lands;
- að ölduhæðin var 2,6 m og rétt farið að hvítna í báru;
- að samkvæmt ferilskráningu var báturinn á 9,1 hnúta ferð þegar brotið reið yfir hann;
- að sjór komst í spennubreyta fyrir báðar talstöðvar sem gerði þær ónothæfar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.